

Ed.

561. Frumvarp til laga

[210. mál]

um breyting á lögum nr. 17/1965, um landgræðslu.

(Eftir 2. umr. í Ed., 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 403 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:

11. gr. laganna orðist svo:

Landgræðslugirðingar skulu vera fjárheldar löggirðingar.

Liggi landgræðslugirðing um alfaraleið, skal vera traust hlið á henni, sem auðvelt er að fara um. Vegfarendum er skylt að loka hliðum, enda sé áminning þess efnis við hliðin. Varðar sektum, ef út af er brugðið, og bótaskyldu, ef tjón verður á gróðri af þeim sökum.

Hver, sem verður þess var, að girðing skemmist svo, að hætta sé á, að hún haldi ekki sauðfé, skal skýra hreppstjóra eða eftirlitsmanni frá því hið fyrsta.

Landgræðslustjóri getur bannað alla umferð um landgræðslusvæði, þar sem honum þykir ástæða til. Skal þá bannið auglýst við girðingarhliðin.

7. gr. hljóðar svo:

19. gr. laganna orðist svo:

Í hverri sýslu skal starfa þriggja manna gróðurverndarnefnd. Sýslunefnd kýs nefndina til 4 ára í senn, að fengnum tillögum frá viðkomandi búnaðarsambandi. Nefndin kýs sér formann. Funda- og ferðakostnaður svo og þóknun fyrir unnin störf gróðurverndarnefndar greiðist af fé Landgræðslunnar að $\frac{2}{3}$ hlutum og viðkomandi sýslusjóði að $\frac{1}{3}$ hluta.

8. gr. hljóðar svo:

20. gr. laganna orðist svo:

Gróðurverndarnefndir skulu í samvinnu við landnýtingarráðunaut Búnaðarfélags Íslands fylgjast með notkun afrétta og heimalanda í viðkomandi sýslu, vera ráðgefandi fyrir stjórnendur fjallskilmála í umdæminu um notkun og meðferð beitalanda og aðstoða Landgræðslu ríkisins við verndun og eflingu gróðurs.

Gróðurverndarnefndir skulu halda gerðabækur um störf sín og skila árlegum skýrslum til viðkomandi búnaðarsambanda, landnýtingarráðunautar og landgræðslustjóra. Landgræðslustjóri skal setja reglur um störf gróðurverndarnefnda.

12. gr. hljóðar svo:

Fyrir „kr. 1 000 til kr. 20 000“ í 43. gr. laganna komi: kr. 2 000 til kr. 40 000.

13. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.